

ARCAN

Hydrobloc PU 506 Inndælingarefni



Teygjanlegt , þunnfljótandi PUR Inndælingarefni til vatnsþéttinga á sprungum.

HydroBloc-506 er 2 þátta PUR Inndælingarefni fyrir sprungur. Það er þunnfljótandi og smýgur því vel inn í fínar holur og sprungur í steypunni. Virka efnið í PUR 506 er Polyurethan plastic sem er með frábæra viðloðun við öll helstu byggingarefni auk þess sem viðnám þess er mjög gott.

Helstu notkunareiginleikar eru að þetta hreiður og steypuskil í steypu gegn vatnsleka auk til inndælingar gegnum nippla í sprungur og til að dæla í inndælingaslöngur.

Bæði Resin og herðir blandast í hlutföllunum 1:1. Þessi notendavænu hlutföll auk langs vinnslutíma gera HydroBloc 506 að efni sem er auðvelt og þægilegt í vinnslu.

Sjá nánari upplýsingar á tæknilýsingablaði.

Verklýsing fyrir undirbúning og verkþætti í inndælingum í sprungur og steypuskil

Verktaki skal bora með reglulegu millibili holur fyrir ídælingarventla. Millibil á milli ventla skal að jafnaði vera hálf bordýptin sem er boruð í hverja sprungugerð fyrir sig. Algengast er að millibilið sé u.þ.b 25 cm á milli ventla. Almenn skal bora skáhallt í gegnum steypuskil þannig að borgatið gangi í gegnum skilin í u.þ.b. miðju þversniðinu. Dýpt og millibil á borholum skal vera í samræmi við dýpt sprungu og viðgerðaraðferð skv. fyrirmælum framleiðanda.

2) Hreinsa skal ryk og önnur óhreinindi úr borholunum með þrýstilofti fríu við olíu. Ef þurfa þykir skal bleyta ídælingarsvæðið í samræmi við ráðleggingar framleiðanda.

3) Festa skal ídælingarventlana og þetta tryggilega í borholurnar þannig að ídælingaefnið gangi ekki upp með ventlinum sjálfum.

4) Ef ídælingarefnið gengur ekki alls staðar út úr skilunum á milli ventla skal verktakinn bora fyrir nýjum ventli á milli þeirra ventla sem fyrir eru og dæla að nýju. Þannig skal tryggja að þéttiefni sé samfelt í sprungum og steypu skilunum.

5) Umframefni og ventla skal hreinsa burt eftir ídælingu.